

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri.
Strandgötu 6

GHE/ghé 00.01 30. september 2014

Með vísun til samstarfssamnings um heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 22. febrúar 1999 sendist hér með fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Heilbrigðisnefnd fjallaði um áætlunina á fundi sínum þann 29. september 2014 og vísar henni til meðferðar hjá bæjarstjórnnum aðildar sveitarfélaganna.

Virðingarfyllst,
f. h. heilbrigðisnefndar.


Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri.
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

GHE/ghe 00.01 29. september 2014

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 29. september 2014 var fjallað um fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og nauðsyn breytinga á gjaldskrá til samræmis við áætlunina.

Heilbrigðisnefnd vísar til meðferðar hjá aðildarsveitarfélögunum tillögum að breytingum á gjaldskrám vegna:

- heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits
- vegna eftirlits með hundahaldi.

Heilbrigðisnefnd óskar þess sérstaklega að gjaldskrárnar verði teknar til meðferðar sem fyrst þar sem nauðsynlegt er að auglýsa þær tímanlega í stjórnartíðindum.

Með bréfi þessu fylgir:

Tillaga að gjaldskrá vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits.

Lagt er til að tímagjald breytist úr kr. 10.400 pr. klst. í kr. 10.800 pr. klst og gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun breytist úr kr. 12.000 í kr. 12.600. Eftirlitsgjöld samkvæmt viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfallslega í samræmi við ofangreinda breytingu.

Tillaga að gjaldskrá vegna hundahalds

Lagt er til að:

- árlegt eftirlitsgjald vegna hundahalds breytist úr kr. 12.000 í kr. 12.600
- skráningargjald vegna hunds breytist úr kr. 13.000 í kr. 13.600
- skráningargjald eftir útrunnin frest verður kr. 17.000
- bráðbrigðaskráning kr. 6.800.

Virðingarfyllt,
f. h. heilbrigðisnefndar.

Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.



Fjárhagsáætlun 2015

Almennt um rekstur 2014

Fjöldi umsókna um starfsleyfi og fjöldi eftirlitsskyldrar starfsemi (um 1400 eftirlitsstaðir) er svipaður milli ára. Áætlanir 2014 hafa gengið eftir í megin atriðum.

Fastir starfsmenn eru skrifstofustjóri, dýraeftirlitsmaður og 6 heilbrigðisfulltrúar, þar af einn sem jafnframt er framkvæmdastjóri. Sérfræðingur, ráðinn tímabundið frá miðju ári, í afmörkuð verkefni svipa og verið hefur í nokkur misseri. Í sumar voru tveir háskólanemar (verkfræðinemi og líffræðingur í framhaldsnámi) ráðnir til eftirlitsstarfa.

Áherslur

Heilbrigðiseftirlit tekur til hollustuhátta, mengunarvarna og matvælaeftirlits. Áhersla hefur verið á eftirlit hjá starfsemi sem er að hefjast um leið og starfsleyfi eru afgreidd. Þá eru oft farið tímabundið í tíðari eftirlitsferðir í trausti þess að það geti leitt til betri árangurs. Í ljósi ályktana Rannsóknarnefndar Alþingis 2010 um íslenska stjórnslu, eftirlit almennt og umræðu sem fylgdi er verið að auka áherslu á eftirfylgni reglna. Áhersla hefur verið aukin í þá veru en nauðsynlegt er að fylgja því frekar eftir.

Starfsmannahald 2015

Gert er ráð fyrir að starfsmannahald verði lítið breytt frá fyrri árum. Lagt er til að breyta tímabundnu ráðningaformi sérfræðings í fasta stöðu heilbrigðisfulltrúa. Tilgangur með því er að leggja meiri áherslu á samfellu í eftirliti og auka eftirfylgni varðandi úrbætur sem fylgir ráðningu til lengri tíma. Tímabundin ráðning sérfræðing hefur þá vankanta að eftirfylgni verður síður markviss, þátttaka í uppbyggingu stofnunar minni og getur því aðeins gengið tímabundið. Starfsmaðurinn kemur til með að sinna bæði hollustuháttaeftirliti og matvælaeftirliti.

Kjarasamningar hafa verið framlengdir og gilda til 31. ágúst 2015. Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins vinna samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við Starfsmannafélag Garðabæjar, samflot bæjarstarfsmannafélaga, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra náttúrufræðinga og Stéttarfélag verkfræðinga.

Matvælaeftirlit

Sveitarfélögin hafa skyldu til að sinna matvælaeftirliti samkvæmt matvælalögum. Kröfur til eftirlits hafa aukist undanfarin misseri með breytingum á regluverki. Ákveðið hefur verið til að styrkja matvælaeftirlitið með því að gerast aðili að gagnagrunnskerfi Matvælastofnunar. Stefnt er að því að gagnagrunnurinn verði komin í notkun í byrjun árs 2015. Jafnframt er unnið að nýju áhættumati og eftirlitshandbók.

Vegna breytinga í vinnuumhverfi varð færsla á vinnu innan stofnunar. Vinnuframlag sem áður fór í eftirlit með efnavöru fluttist yfir í eftirliti með vörum sem koma í snertingu við matvæli. Lagabreyting til að styrkja það eftirlit tók gildi um síðustu áramót. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í matvæla- fyrirtæki er um 700 heimsóknir á ári og ráðgert er að þeim fjölgi vegna breyttra áhersla.

Matvælaeftirlit skal fjármagnað samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélögin gefa út fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda. Skulu matvælafyrirtækin greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum: a) launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, b) öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, c) kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku. Fyrirtækin eiga sjálf að taka sýni til að tryggja að örverufræðileg viðmið standist. Opinberir eftirlitsaðilar eiga að taka sýni til að sannprófa að niðurstöður fyrirtækjanna standist.

Matvælasýni eru tekin í reglubundnu eftirliti og í skipulögðum eftirlitsverkefnum á landsvísu sem unnin eru í samstarfi við Matvælastofnun. Heilbrigðiseftirlitið leitar eftir tilboðum frá rannsóknarstofum vegna þeirra mælinga sem verið er að sinna hverju sinni. Innheimta ber kostnað við

sýnatöku og greiningu hjá matvælafyrirtækinu. Jafnaðargjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun er samkvæmt gjaldskrá kr. 12.000 og er lagt til að það hækki í kr. 12600 eða um 5% . Komi upp alvarleg matarsýking getur þurft að auka sýnatöku án þess að hægt verði að innheimta rannsóknarkostnað. Efnamælingar eru oftast mjög kostnaðarsamar. Slíkar mælingar eru lítils háttar vegna matvæla. Aðallega vegna neysluvatns.

Matvælastofnun er að koma upp úttektakerfi til innri úttekta á opinberu eftirliti innan lands. ESA, eftirlitsstofnun EFTA-landanna, er með eftirlitsheimsóknir í EFTA-löndunum. Kannar stofnunin þannig eftirfylgni reglna á Evrópska efnahagssvæðinu. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun, heilbrigðiseftirlitssvæðin, tollstjóri, Lyfjastofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eru stofnanir sem ESA gerir úttektir hjá í sambandi við matvæli og neysluvatn. Áætlun ESA fyrir næsta ár verður ekki kunn fyrir en að loknum fundi eftirlitsstofnunarinnar með stjórnvöldum í októbermánuði.

Hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit

Algengast er ein eftirlitsferð á ári í fyrirtæki eða eftirlitsferð annað hvert ár vegna hollustuháttaeftirlits. Þar sem eftirliti á að fara fram samkvæmt matvælalögum eru eftirlitsheimsóknir sameinaðar. Til sumra fyrirtækja eru áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Til að meta heilnæmi vatns eru tekin sýnishorn úr sundlaugum og kerlaugum þar sem almenningur leitar þjónustu. Jafnframt er áhersla lögð á eftirlit með heilnæmi vatns í sundlaugum þar sem kennsla barna fer fram. Hollustuháttaeftirlit tekur einnig til eftirlits um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlits með þeim. Verulegt áhyggjuefni er að hávaðavörnum í stofnunum ætluðum börnum hafi ekki verið sinnt nægjanlega. Heyrn barna er viðkvæmari en fullorðinna og kallar það á nánari skoðun. Þá sýna niðurstöður mælinga á tónleikum að þar er hávaði stundum mikill. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða er um 500 í fyrirtæki sem eru eftirlitsskyld samkvæmt reglugerð um hollustuhætti og reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Veitingastaðir eru þá flokkaðir með matvælafyrirtækjum og tannlæknastofur með starfsemi sem valdið getur mengun.

Vegna mengunarvarnaeftirlits er að jafnaði ein eftirlitsferð á ári eða eftirlit annað hvert ár. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða vegna mengunarvarnaeftirlits í fyrirtæki eru um 350 á ári.

Eftirlit með smásölu á tóbaki

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérsverslun er með tóbak og ein varahlutaverslun selur tóbak. Sölustaðir eru um 50 talsins. Eftirliti hefur undanfarið verið sinnt af verkefnaráðnum starfsmanni en reiknað er með að breyting verði þar á.

Eftirlitsáætlun

Eftirlitsáætlun er yfirfarin á hverju ári þar sem lagfæringar eru nauðsynlegar í ljósi þróunar og reynslu. Eftirlitáætlunin tekur til reglubundins eftirlits með starfsleyfis skyldri starfsemi og er grundvöllur við útreikning tímagjalds vegna eftirlits.

Umhverfisvöktun 2014

Umhverfisvöktun með vatnsgæðum nær til mælinga á örverum og efnun í grunnvatni, lækjum, stöðuvötnum, tjörnum og sjó. Þar með talið er eftirlit með framkvæmd hreinsunar á rotþróum. Í reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns eru skyldur lagðar á heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir að flokka vötn og grípa til aðgerðar sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi. Af sama meiddi er eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar. Formennska í framkvæmdastjórn um vatnsvernd er nú hjá Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis en flyst til Reykjavíkur um næstu áramót.

Í reglugerð um fráveitur og skólp eru sett umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása. Rangtengingar hafa leitt til þess að lækir og skurðir eru víða mengaðir.

Skipulögð vöktunarverkefni eru í gangi og er ráðgert að halda þeim áfram í svipuðum farvegi.

Niðurstöður mengunarmælinga eru birtar jafn óðum á heimsíðu stofnunarinnar.

http://www.heilbrigðiseftirlit.is/Innihald_heimasida/Umhverfi/laekir_og_votn/Laekir_og_votn.htm

Niðurstöðurnar gefa ekki ástæðu til að draga úr skipulegri vöktun. Rannsóknarkostnaður vegna þessara verkefna er innheimtur hjá viðkomandi sveitarfélögum.

Heilbrigðiseftirlitið hefur umsjón með rekstri tveggja loftgæðamælistöðva. Færanlegrar loftgæðamælistöðvar í Kópavogi og loftgæðamælingum við Norðurhelli í Hafnarfirði. Niðurstöður mælinganna nýtast við mat loftgæða bæði staðbundið og á svæðinu öllu. Til samanburðar nýtast einnig mælingar úr stöðvum Umhverfisstofnunar við Grensásveg í Reykjavík og á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Um síðustu áramót tóku gildi ný ákvæði í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir varðandi auknar áherslur í loftgæðamálum og áhersla lögð á að aðgerðaráætlanir til úrbóta verði unnar. Grunnupplýsingar um ástand loftgæða þurfa því að liggja fyrir. Ástæða er til að auka mælingar í Hafnarfirði í ljósi þess mikla iðnaðar sem þar er kominn og á eftir að aukast.

Mælinga á umhverfishávaða og úrvinnsla kvartana um hávaða sem berast frá almenningi eru einnig hluti af umhverfisvöktun. Unnið hefur verið að gerð aðgerðaáætlana hjá sveitarfélögunum vegna umferðarhávaða sem skila mun bættum gæðum umhverfis á næstu árum. Reikna verður samt með auknu vinnuframlagi í vöktun þessara mála.

Dýraeftirlit

Nýskráningar á hundum fjölgar ekki eins og áður. Hvatning til hundeigenda til að sækja grunnnámskeiði í hundauppeldi með lækkun eftirlitsgjalda virðist skila árangri. Fá afskipti af hundum sem farið hefur verið með á námskeið styðja þá ályktun. Kvörtunum og afskiptum vegna hunda hefur ekki fjölgað á sama hátt og fjölgun dýranna. Deilumálum sem tengjast hundahaldi í fjöleignahúsum fjölgar þó í kjölfar breytinga á fjöleignahúsalögum og afgreiðsla skráninga krefst meira vinnuframlags. Tvær stjórnsýslukærur eru hjá úrskurðarnefnd vegna ágreinings um skráningu. Í samvinnu við heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík hefur verið tryggður aðgangur að dýrageymslu. Þar hafa starfsmenn í eftirliti og lögregla aðgang allan sólarhringinn. Aðstaða til að geyma dýrin er mjög góð. Sú breyting hefur orðið að hundar sem fara á flækning eru nú auglýstir mjög fljótt á internetinu. Komast þeir þar oft til skila. Lögreglan hefur einnig breytt sínum vinnubrögðum og sinnir lítið kvörtunum vegna ónæðis af hundahaldi eða lausagöngu. Vistun flækingshunda hefur við þessar breyttu aðstæður fækkað verulega. Algengt er að hundar sem teknir er í lausagöngu séu algjörlega ómerktir og þeirra aldrei vitjað. Vegna breyttra aðstæðna verður að finna nýja lausn á geymslu óskilahunda og hefur samningi um aðgang að hundageymslu verið sagt upp.

Reiknað er með að verkum tengdu kattarhaldi fjölgi. Sveitarfélögin hafa sett samþykktir um kattahald en eiga eftir að fylgja stefnumörkun sinni eftir og veita fjármunum til þess að handsama ketti sem kvartað er yfir. Samningur var gerður f.h. sveitarfélaganna við Kattavinarfélag Íslands á árinu 2013 vegna geymslu óskilakatta. Reiknað er með að sá samningur verði framlengdur.

Breyting varð á eftirliti með forðagæslu og búfjárhaldi um síðustu áramót. Fluttist það eftirlit þá frá sveitarfélögunum til ríkisins. Sveitarfélögin fengu þá með nýjum lögum um dýravelferð verulegar auknar skyldur varðandi afskipti og vörslu dýra sem lenda í lausagöngu og hefur heilbrigðiseftirlitið séð um þann þátt.

Á næstu misserum er ástæða til að endurskipuleggja eftirlit með dýrahaldi í ljósi ofangreindrar þróunar og reynslu.

Fjármál og rekstur

Heilbrigðiseftirlitið er nú með fjórar eigin bifreiðar í notkun. Annar aksturskostnaður er greiddur samkvæmt akstursamningum og akstursdagbókum. Reiknað er með að stofnunin eignist eina bifreið til viðbótar á næstu mánuðum. Rekstarleiga kemur einnig til greina ef sá kostur telst raunhæfur. Á vegum heilbrigðiseftirlitsins eru fastir fundir sóttir á vegum Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og

Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða. Aðrir fundir tengjast afmörkuðum verkefnum eða málefnum sem tengjast starfseminni. Auk þess eru sóttir fræðslufundir og ráðstefnur á verksviði stofnunarinnar.

Launakostnaður heilbrigðisnefndar tengist þingfarakaupi og er reiknað með 12 fundum á árinu.

Færsla bókhalds, endurskoðun og frágangur ársreiknings er aðkeypt þjónusta frá fyrirtækinu KPMG. Núverandi fyrirkomulag var tekið upp í lok árs 2001. Hefur það reynst vel en því fylgir jafnframt nokkur kostnaður. Samningur er við Garðabæ um útreikning launa og gerð launaseðla. Aðkeypt sérfræðiþjónusta s.s. lögmanna hefur verið að aukast og reiknað er með að hún haldi áfram að aukast. Einnig þarf vegna umhverfissvöktunar og mengunarnæftirlits að gera ráð fyrir aðkeyptri sérfræðiþjónusta. Aðkeypt þjónustugjöld hjá banka hafa hækkað og kostnaður vegna greiðslukorta bæst við.

Gjaldskrár

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær:

- a) Vegna matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlits. Tímagjald er kr. 10.400 og er lagt til að það hækki til í kr. 10.800 til að mæta kostnaðar hækkunum. Sýnatökugjald kr. 12.000 og er lagt til að það verði kr. 12.600.
- b) Vegna hundhalds. Árlegt eftirlitsgjald er kr. 12.000 (kr. 6.000 með afslætti). Það hefur verið óbreytt frá desember 2011. Lagt er til að það verði kr. 12.600. (kr. 6300 með afslætti). Lagt er til að skráningargjald sem er kr. 13.000 hækki í kr. 13.600.

29. september 2014

Guðmundur H. Einarsson

**Auglýsing
um breytingu á gjaldskrá nr. 984/2012
fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit
í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald	kr. 10.800
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 12.600

2. gr.

Gjöld skv. viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfalllega í samræmi við ofangreinda breytingu.

Auglýsing þessi er samþykkt að aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingum.

Garðabæ x. nóvember 2014
f.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri.



**Auglýsing
um breytingu á gjaldskrá nr. 1215/2011
fyrir hundahald
í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi,**

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 13.600

Skráningargjald eftir útrunnin frest kr. 17.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 6.800

2. gr.

3. gr. gjaldkrárinnar breytist og hljóðar svo:

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur kr. 12.600

3. gr.

Auglýsing þessi er samþykkt að aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingum

Garðabæ x. nóvember 2014

f.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.

